


Svífðu litla, léttla blað ...

maí 2016, 2. tbl., 5. árg. skóladeild Akureyrar

Dagana 14. og 15. apríl tók ég þátt í ráðstefnu sem haldin var í Gerðubergi á vegum Samtaka áhugafólks um skólapróun. Yfirskrift hennar var **Málörvun, læsi og fjöltyngi** og aðalfyrirlesarar Hanna Ragnarsdóttir við HÍ og Jim Cummins frá Toronto.

Í framhaldi af ráðstefnunni var boðið upp á námskeið fyrir kennara um skólastarf með fjöltyngdum nemendahópum.



Eitt af verkefnum dagsins var hópavinna þar sem hver hópur bjó til sitt fjölmennningarblóm eins og sjá má á myndinni hér til hliðar. Verkefnið byggist á samræðum um það sem allir í hópnum eiga sameiginlegt og hvað það er sem hver einstaklingur hefur upplifað sem hinir hafa enga reynslu af. Þetta er ákaflega skemmtilegt og býður upp á marga möguleika með ólíkum hópum; með börnum, foreldrum

eða starfsmannahópum.

- Kennari skiptir í hópa, t.d. með því að telja upp að fimm á móðurmáli einhvers nemanda í bekknum.
- Hver hópur teiknar sitt blóm - með stórrri miðju og einu krónublaði fyrir hvern þátttakanda.
- Umræður um hvað allir í hópnum eiga sameiginlegt. Það getur verið aldursbil, skólaganga í sama skóla, eitthvert áhugamál o.s.frv.
- Hver einstaklingur þarf síðan að finna eitthvað um sjálfan sig sem á ekki við um neinn annan í hópnum, t.d. að vera hræddur við hunda, finnast góður hákarl, hafa farið í interrail o.s.frv.

Þetta skapaði miklar umræður í hópnum um hin ólíkustu málefni og ég komst t.d. að því að ég hafði unnið með afa einnar í hópnum þegar ég var unglingur. Vel fallið til að koma af stað samræðum og auka kynni innan hópsins. Flestum hópnum fannst auðveldara að finna það sem við áttum sameiginlegt en það sem var einstakt fyrir hvern og einn og því byrjuðu flestir á miðjunni.

Þetta er hægt að nota á bekkjarfundum, í lífsleikni, með foreldrum á haustfundum, í starfsmannahópum og virkar mjög vel ☺

Ramadan 2016

Hátíð muslima, ramadan árið 2016 er frá mánudeginum 6. júní og stendur næstu 29-30 daga og núna til þriðjudags 5. júlí. Samkvæmt muslimsku tímatali hefst hátíð við sólarlag næsta dags á undan, svo eflaust munu margir fagna ramadan við sólsetur sunnudagsins 5. júní.



Samskvæmt muslimsku tímatali er ramadan (9. mánuður ársins) alltaf á sama tíma en það er vegna þess að það fylgir tunglárinu en gregorískt tímatal fylgir gangi sólar. Því færirst ramadan til í okkar dagatali um 11 - 13 daga ár hvert. Þannig mun ramadan hefjast 27. maí árið 2017 og 16. maí árið 2018.

Síðasti dagur ramadan nefnist **Eid al-Fitr**. Orðið **Eid** þýðir hátíð og orðið **Fitr** merkir „að brjóta“ og síðasta dag ramadan er hátíð þess að fastan er rofin og það er dagurinn til að láta af öllum slæmum siðum og venjum. Fyrir Eid al-Fitr fá krakkar gjarnan ný föt og það eru gefnar gjafir, svo þetta er líka mikill hátíðisdagur hjá öllum.

Í ramadan fastar fólk frá sólarupprás til sólarlags. Börn fasta ekki, ekki ófrískar konur eða þær sem eru með barn á brjósti, þeir sem eru á ferðalögum, né þeir sem eru veikburða eða aldraðir. Hægt er að gera einstakar undantekningar frá föstu, t.d. getur íþróttafólk sem er í strangri þjálfun fyrir mót haft undanþágu frá föstu - en þá er ætlast til að viðkomandi fasti síðar í staðinn. Það er ungu fólki svolítið í sjálfsvald sett hvenær það byrjar að fasta. Margir byrja föstur um 15 -16 ára aldur. Þegar ramadan ber upp á sumarmánuðina, t.d. á Íslandi, þar sem sólargangurinn er mjög langur, miðar fólk föstutímamann við sólarganginn í Mekka, þar sem óraunhæft er að fasta meiri hluta sólarhringsins. Í ramadan er sérstök áhersla lögð á trúarlega þætti eins og bænahald, lestur Kóransins og að gefa til þeirra sem minna hafa.

Íslenskir vorboðar – góð hugmynd frá Síðuskóla

Á vormánuðum fögnum við farfuglunum, einum af öðrum. Ég verð að láta fylgja hér með mynd af árlegu vorverkefni Síðuskóla þar sem nemendur fylgjast með því hvenær þeir sjá farfuglana og síðan er mynd af viðkomandi fugli fest upp á „fuglavegg“ á ganginum með upplýsingum um **hver** fyrstur sá viðkomandi fugl, **hvar** hann sást og **hvaða dag**. Það er ákaflega skemmtilegt að fylgjast með því hvaða fugla nemendur eru búnir að sjá, auk þess sem það er bráðnauðsynlegur hluti af uppeldi hvers barns að þekkja eitthvað til farfuglana okkar ☺



Pólski vorboðinn

Í samræðum um íslenska vorboða síðustu vikur hef ég lært að storkurinn er hinn pólski vorboði. Hann hefur vetursetu í Afríku, sunnan Sahara en flýgur síðan norður til Evrópu þegar fer að vora. Þá forðast hann að fljúga yfir Miðjarðarhafið en velur sér leið annað hvort vestur við Gíbraltar eða þræðir strandlengjur við austanvert hafið til að nýta sér uppstreymið sem best. Storkum hefur fækkað í Evrópu og víða hefur verið gripið til þess að lokka þá til varps með því að hefja hreiðurgerð fyrir þá á heppilegum stöðum. Með ósk um að síðustu vikur skólaársins gangi vel og að eitthvað viðri til útivistar.

Bestu kveðjur,
Helga